



## **I. Heiti og markmið**

1. gr. Félagið heitir Uppreisn og er hreyfing frjálslynds ungs fólks innan Viðreisnar. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Hlutverk félagsins er að:

Vera ungliðahreyfing Viðreisnar.

Berjast fyrir frjálslyndum gildum meðal ungs fólks í samfélaginu.

Ungt fólk innan Viðreisnar hljóti brautargengi í kosningum.

Gæta hagsmuna ungliða innan Viðreisnar.

Stuðla að því að rödd ungliða Viðreisnar fái að heyrast innan flokksins og í samfélaginu öllu.

3. gr. Uppreisn gætir jafnréttis í öllum störfum sínum. Sérstaklega skal þess gætt að ekki halli á einstakling vegna kyns, kynvitundar, kyneinkenna, kynhneigðar, hreyfigetu, trúarafstöðu, uppruna, litarhafts, eða stöðu að öðru leyti þegar valið er í trúnaðarstörf á vegum hreyfingarinnar.

## **II. Félagar**

4. gr. Félagsaðild að ungliðahreyfingunni hljóta allir félagar í Viðreisn á aldrinum 16 til 35 ára.

5. gr. Úrsögn úr ungliðahreyfingunni skal berast skrifstofu Viðreisnar með rafrænum hætti og stafa frá viðkomandi aðila.

## **III. Landsþing**

6. gr. Landsfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Landsfundur skal halda eigi síðar en fjórðu vikuna í september ár hvert. Til landsfundar skal boða með áberandi tilkynningu á samfélagsmiðlum og með tölvupósti til allra félaga, með fjögurra vikna fyrirvara hið skemmsta.

7. gr. Dagskrá landsfundar skal vera:

- Samþykkt fundarskapa
- Kosning fundarstjóra og ritara og eins aðila í kjörstjórn
- Skýrsla framkvæmdastjórnar og umræður.
- Skýrsla gjaldkera, framlagning og umræður um reikninga
- Lagabreytingar
- Kosningar í embætti í eftirfarandi röð:

1. Kosning forseta Uppreisnar

2. Kosning varaforseta Uppreisnar
  3. Kosning fimm meðstjórnenda í framkvæmdastjórn
  4. Kosning allt að átta fulltrúa í félagastjórn
  5. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
- Önnur mál
  - Þingslit

8. gr. Allir félagar í Uppreisn, sem skráðir hafa verið í félagið minnst viku fyrir landsfund, hafa kjörgengi í embætti og atkvæðisrétt þegar kosið er í stjórnir eða um lagabreytingar.

9. gr. Framboðsfrestur til framkvæmdastjórnar félagsins rennur út viku fyrir landsfund. Ef ekkert framboð berst í eitthvert embættanna er kjörstjórn heimilt að framlengja framboðsfrest fyrir það tiltekna embætti. Í þeim tilvikum ber kjörstjórn að auglýsa að ekkert framboð hafi borist og að framboðsfrestur hafi verið framlengdur. Tryggja skal að frambjóðendur til embætta hafi jafnan aðgang að kjörgögnum, þ.m.t. félagatali, strax við fundarboð á landsfund.

10. gr. Lögum félagsins verður aðeins breytt á landsfundi. Tillögum um lagabreytingar skal skila til framkvæmdastjórnar félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir landsfund. Framkvæmdastjórn skal auglýsa lagabreytingatillögur með áberandi hætti eigi síðar en fjórum dögum fyrir landsfund. Til að lagabreytingatillaga nái gildi þarf hún samþykki að minnsta kosti 2/3 fundarmanna. Um lagabreytingar skal kosið með handauppréttingum nema fundur samþykki leynilega kosningu að tillögu fundarmanns. Fundarstjóri telur atkvæði og ritari landsfundar skráir þau niður.

11. gr. Kosning til beggja stjórna skal vera skrifleg og leynileg. Framkvæmdastjórn félagsins skal skipa kjörstjóra tveimur vikum fyrir landsfund. Kjörstjóri getur ekki boðið sig fram í til stjórna félagsins. Kjörstjóri tekur á móti framboðum í stjórnir félagsins, telur atkvæði og tilkynnir úrslit að talningu lokinni. Ritari landsfundar skal vera viðstaddur talningu atkvæða og skrá niðurstöður í fundargerð.

#### **IV. Félagastjórn og framkvæmdastjórn**

12. gr. Félagastjórn fer með æðsta vald samtakanna milli landsfunda og uppreisnarþinga. Í félagastjórn eiga sæti allir fulltrúar í framkvæmdastjórn auk allt að átta fulltrúa sem kosnir eru á landsfundi. Að auki hafa forsetar aðildarfélaga Uppreisnar fulla aðild að félagastjórn.

Félagar í Uppreisn sem kjörnir hafa verið sem aðal- eða varamenn í stjórn eða málefnaáð Viðreisnar hafa rétt til setu á öllum fundum félagastjórnar með tillögu og málfrelsisrétt.

13. gr. Félagastjórn ber ábyrgð á ályktunum, málefnastarfi milli landsfunda og uppreisnarþinga. Félagastjórn hefur eftirlit með störfum framkvæmdastjórnar. Félagastjórn getur falið framkvæmdastjórn að sinna þeim verkefnum sem talin eru nauðsynleg hverju sinni.

14. gr. Félagastjórnarfundir skal að jafnaði halda a.m.k. einu sinni á tveggja mánaða fresti. Á fundum félagastjórnar skal framkvæmdastjórn fara yfir störf sín frá síðasta fundi félagastjórnar. Forseti fer með oddaatkvæði ef atkvæði verða jöfn. Félagastjórnarfundir skal að jafnaði boða með minnst viku fyrirvara. Óski fjórðungur almennra félagastjórnarfulltrúa eftir fundi ber að halda hann innan viku frá því forseta berst slík ósk skriflega. Félagastjórn er auk þess frjálst að veita gestum aðgang að fundum sínum.

15. gr. Félagastjórn getur sent frá sér ályktanir um málefni sem eru í anda samþykktar stefnu. Félagastjórn skal á fyrsta fundi sínum eftir reglulegan landsfund samþykkja verklagsreglur og verkaskiptingu framkvæmdastjórnar.

16. gr. Framkvæmdastjórn sér um daglegan rekstur félagsins, annast tengsl við aðildarfélög, vinnur að eflingu starfsins um land allt og ber ábyrgð á þeim verkefnum sem einstökum fulltrúum framkvæmdastjórnar er falið að sinna. Framkvæmdastjórn skal einnig sinna þeim verkefnum sem henni eru falin af félagastjórn.

17. gr. Í framkvæmdastjórn eiga sæti forseti varaforseti og fimm meðstjórnendur. Á fyrsta fundi framkvæmdastjórnar eftir landsfund skiptir stjórnin með sér verkum. Skal hann vera haldinn fyrir fyrsta fund félagastjórnar.

Framkvæmdastjórn skal að minnsta kosti skipta með sér eftirfarandi embættum: ritari og gjaldkeri. Skal þessi verkskipting staðfest af félagastjórn á fyrsta fundi hennar eftir landsfund.

18. gr. Framkvæmdastjórn er heimilt að skipa nefndir fyrir innra starf hreyfingarinnar. Skal félagastjórn samþykkja allar skipanir í nefndir á vegum Uppreisnar.

19. gr. Á fyrsta fundi félagastjórnar eftir reglulegan landsfund skulu kjörnir tveir varamenn framkvæmdastjórnar úr hópi þeirra átta fulltrúa sem kosnir í voru á landsfundi. Skal kosning um varamenn fara fram með leynilegum hætti. Ef aðeins eru tveir í framboði skal fara fram

kosning þar sem aðilar þurfa að hljóta minnst 50% atkvæða til að ná kjöri. Náist ekki að manna varamannsstöður skal kosið aftur á næsta fundi félagastjórnar. Varamenn þessir skulu taka sæti á framkvæmdastjórnarfundum í forföllum kjörinna aðalmanna eða ef að þeir segja af sér eða er vikið úr embætti. Atkvæðafjöldi á fyrsta fundi félagastjórnar ræður því í hvaða röð varamenn taka sæti í framkvæmdastjórn.

20. gr. Félagastjórn er heimilt að lýsa yfir vantrausti á einstaka fulltrúa í framkvæmdastjórn eða framkvæmdastjórn í heild sinni. Ef upp kemur tillaga um vantraust undirritað af minnst þremur einstaklingum úr félagastjórn skal tillaga tekinn fyrir á næsta löglega fundi félagastjórnar. Samþykki félagastjórn vantraust með einföldum meirihluta skal framkvæmdastjórn boða til félagafundar þar sem vantraust þarf að vera samþykkt með  $\frac{2}{3}$  hluta atkvæða. Sé vantraust samþykkt skal fyrsti varamaður í framkvæmdastjórn taka sæti í þar til á næsta landsfundi.

21. gr. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á verkum sínum gagnvart félagastjórn og skal lúta eftirliti félagastjórnar með störfum sínum.

22. gr. Framkvæmdastjórnarfundur skal halda eins oft og þurfa þykir. Forseti boðar til fundar með minnsta þriggja sólahringa fyrirvara og fer með oddaatkvæði ef atkvæði verða jöfn. Framkvæmdastjórn er frjálst að veita gestum aðgang að fundum sínum.

23. gr. Framkvæmdastjórn getur ekki skuldbundið samtökin fjárhagslega vegna daglegs reksturs þeirra nema með samþykki félagastjórnar.

24. gr. Framkvæmdastjórn er heimilt að ráða starfsmenn sér til aðstoðar. Skal ráðning þeirra staðfest af félagastjórn áður en hún tekur gildi.

## **V. Málefnnastarf**

25. gr. Uppreisnarþing er, auk landsfundar, æðsti vettvangur málefnnastarfs félagsins og uppskeruhátíð þess. Uppreisnarþing skal haldið árlega, á fyrsta ársfjórðungi.

26. gr. Málefnnaskrá félagsins skal vera tvískipt. Annars vegar grunnstefna og hins vegar ályktanasetning. Grunnstefnan skal vera skýr og stikla á stóru um grunnhugmyndafræði félagsins. Henni verður aðeins breytt á landsfundi. Ályktanasetning inniheldur allar þær ályktanir sem samþykktar hafa verið á landsfundi eða Uppreisnarþingi. Ályktanir skulu taka fyrir afmörkuð málefni og skulu ekki ganga gegn grunnstefnu.

27. gr. Ályktanir fynrast sjálfkrafa fjórum árum eftir samþykkt þeirra, nema annað sé lagt sérstaklega til á samsvarandi landsfundi eða Uppreisnarþingi.

## **VI. Ýmis ákvæði**

28. gr. Nefndir eru vinnuhópar sem skipaðir eru af stjórn. Hver nefnd skal hafa formann sem er tengiliður nefndar við stjórn. Formaður nefndar þarf eingöngu að vera félagi í Uppreisn og skal vera skipaður af stjórn. Nefndir ungliðahreyfingarinnar hafa ekki heimild til að skrifa undir samninga í nafni félagsins án umboðs stjórnar.

29. gr. Heimilt er að stofna undirfélög undir ungliðahreyfingu Viðreisnar. Tilgangur og hlutverk slíkra félaga skal vera í samræmi við lög ungliðahreyfingarinnar og rúmast innan stefnu Viðreisnar. Stofnun undirfélags er háð samþykki félagastjórnar.

30. gr. Ef einstaklingur innan félagsins sýnir af sér ósæmilega háttsemi sem gengur gegn almennu siðferði eða hagsmunum og stefnu ungliðahreyfingarinnar er framkvæmdastjórn heimilt að vísa viðkomandi úr félaginu. Í þeim tilvikum á viðkomandi rétt á að fara fram á að fundur félagastjórnar verði haldinn innan tveggja vikna sem hefur úrslitavald um ákvörðun stjórnar með leynilegri kosningu.

31. gr. Meiriháttar ágreining um lög þessi skal útkljá á landsfundi og ræður afl atkvæða niðurstöðu.

32. gr. Ákvörðun um að leggja félagið niður skal tekin af tveimur landsfundum í röð og samþykkt af 2/3 hluta fundarfólks á báðum fundum. Um ráðstöfun eigna verður farið samkvæmt samþykkt seinni fundar. Óheimilt er að láta eignir renna til félagsfólks.

33. gr. Forseta og gjaldkera er heimilt að rita undir tilkynningu um prókúruskipti sé það samþykkt á fundi stjórnar.